



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 21. febrúar 2018

Ákvörðun nr. 8/2018

Kaup S&K eignarhaldsfélags ehf. á Höfðabrekku ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 15. janúar 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um samruna S&K eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir S&K) og Höfðabrekku ehf. (hér eftir Höfðabrekka). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá sbr. reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka II við reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Við yfirferð á samrunaskrá kom í ljós að tiltekin gögn vantaði og bárust þau eftirlitinu 19. janúar 2018. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. janúar 2018, var samrunaaðilum tilkynnt að eftir yfirferð á samrunaskrá hafi eftirlitið metið samrunaskrána fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins og að frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 22. janúar 2018.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunaskrá segir að S&K kaupi allt hlutafé í Höfðabrekku, þar segir ennfreður að S&K sé eignarhaldsfélag og sé tilgangur þess almenn fjárfestingarstarfsemi, þ.m.t. eignarhald á hlutabréfum, önnur fjármálastarfsemi, svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Í skránni kemur fram að S&K sé eigandi Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf. sem reki sex hótél í miðborg Reykjavíkur með [...] ¹ herbergjum samanlagt. ²

Í samrunaskrá segir að Höfðabrekka sé stofnað í apríl 2005 og kemur fram að tilgangur félagsins er öll almenn ferðaþjónusta, hótélrekstur og skyld starfsemi, landbúnaður og rekstur fasteigna. Í skránni segir að Höfðabrekka reki Hótel Kötlu að Höfðabrekku í Mýrdal í Vestur Skaftafellssýslu, sem sé [...] herbergja hótél.

¹ Upplýsingar í hornklofa eru felldar út vegna trúnaðar.

² Hótelin sem um ræðir eru öll rekin undir vörumerkinu Centerhótel og nánari upplýsingar um staðsetningu þeirra má finna á heimasíðu þeirra, www.centerhotels.com.



2.1 Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar meti það svo að samruninn taki einkum til markaða fyrir hótलगistingu. Hvað landfræðilegan markað málsins varðar þá halda samrunaaðilar því fram að eðlilegast sé að miða við að landfræðilegi markaðurinn í þessu máli sé landið allt. Telji Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilgreina markaðinn þrengra líta þeir svo á að landfræðilegi markaðurinn sé annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar Suðurland sem afmarkist þá af landsvæðinu frá Hveragerði til Hafnar á Hornafirði.

Hvað stærð umrædda markaða varðar leggja samrunaaðila fram gögn frá Hagstofu Íslands þar sem fram kemur að heildarframboð á gistisherbergjum á landinu öllu sé tæp 10.000 herbergi, um 5.000 af þeim séu á höfuðborgarsvæðinu og um 1.800 á Suðurlandi. Í því ljósi telja samrunaaðilar markaðshlutdeild sína vera [...] af áætluðum fjölda gistisherbergja á höfuðborgarsvæðinu og [...] á Suðurlandi.

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaaðila að mál þetta taki til markaða fyrir hótलगistingu. Þá er það afstaða eftirlitsins að landið skiptist í marga landfræðilega markaði, samrunaaðilar starfa í sitt hvorum landshlutanum og þ.a.l. á sitthvorum landfræðilega markaðnum. Í þessu máli er ekki nauðsynlegt að skera úr um hversu stór landfræðilegur markaður samrunaaðila er. Þá er rétt að geta þess að samrunaaðilar reka einnig veitingaþjónustu. Hlutdeild þeirra á þeim markaði er þó hverfandi og að mati Samkeppniseftirlitsins er því ekki tilefni tilefni til þess að fjalla nánar um þá starfsemi samrunaaðila.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þessu máli er um að ræða að fyrirtæki í samskonar starfsemi renna saman. Hins vegar starfa þessi fyrirtæki eins og áður segir á sitthvorum landfræðilega markaðnum, og er hlutdeild þeirra á þeim mörkuðum undir þeim mörkum að þeir geti talist markaðsráðandi. Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að viðkomandi samruni leiði hvorki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti.



Að öllu framangreindu vertu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup S&K á öllum hlutabréfum í Höfðabrekku ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson